

Skýrsla formanns á aðalfundi Menningar- og friðarsamtakanna MFÍK í Friðarhúsinu, Njálsgötu 87, fimmtudaginn 9. febrúar 2010, kl. 18.00.



58. aðalfundur MFÍK.

Skráðar eru 169 konur í Menningar- og friðarsamtökin (voru 159 á síðasta aðalfundi).

12 nýir félagar bættust í hópinn: Anna Sigríður Gunnarsdóttir, Auður Ingvarsdóttir, Auður Jónsdóttir, Áslaug Jóhannesdóttir, Dögg Árnadóttir, Eldey Gígja Vésteinsdóttir, Lea María Lemarquís, Linda Magnúsdóttir, Lovísa Einarsdóttir, Oddrún Vala Jónsdóttir, Ragna S. Guðmundsdóttir og Una Sigtryggisdóttir. eru þær allar boðnar velkomnar í hópinn. 1 kona sagði sig úr félaginu og látin er Aldís Jóna Ásmundsdóttir.

Starfsemi:

Eins og venjulega litaðist starfsemi MFÍK af samfélags- og heimsviðburðum. Ýmislegt hefur gengið á í þjóðfélaginu frá síðasta aðalfundi. Margar okkar gerðu sér vonir um breytingar í kjölfar búsaðaldabyltingar og efast stórlega um að endurreisn kapítalismans sé lausnin. Fari sem horfir erum við ekki á leið til samfélags meiri jafnaðar og full ástæða að hvetja friðarsinna til að halda vel vöku sinni.

Stjórn MFÍK hélt 7 formlega stjórnarfundum milli aðalfunda (2009: 23/2, 17/3, 4/5, 14/9, 12/10, 19/10, 23/11 og 15/1 2010) en auk þess voru ýmis verkefni afgreidd í gegnum síma eða í tölvupósti. Bæði aðal- og varamenn voru boðaðir á alla fundum enda gefandi samkomur.

4 fundir voru haldnir til undirbúnings 8. mars 2009 (6/2, 9/2, 16/2 og 23/2) og er undirbúningur fyrir 8. mars 2010 kominn vel á veg. Þegar hafa verið haldnir 2 fundir með samstarfsaðilum í ár.

2 opnir félagsfundir voru haldnir í Friðarhúsi: 27. apríl *Sjálfbær þróun* og 16. nóvember: *Mikilvægi friðar og friðaruppeldis*. Segir nánar frá efni fundanna hér á eftir.

Kvöldverður var seldur í upphafi félagsfunda. Þetta er mikilvæg tekjulind - félagsgjöld skila sér takmarkað - og gefur félögum tækifæri til samskipta.

Að venju tóku fulltrúar MFÍK þátt í undirbúningi kertafleytingar á Reykjavíkurtjörn í ágúst og friðargöngu á Þorláksmessu, ásamt samstarfshópi friðarhreyfinga. Árleg bókmenntakynning var haldin laugardaginn 5. desember.

Fundarstaðir MFÍK voru í: Friðarhúsi, Njálsgötu 87, í MÍR-sal, Hverfisgötu 105, Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur og heima hjá stjórn (Hildibrandshús).

Helstu viðburðir ársins:

Árlegur fundur á Alþjóðlegum baráttudegi kvenna fyrir friði og jafnrétti þann **8. mars** var haldinn í **Ráðhúsi Reykjavíkur** undir yfirskrift og kröfunni **“Breytt samfélag – aukinn jöfnuð!”**. Að venju átti MFÍK frumkvæði að fundinum. Þar töluðu: Eyja M. Brynjarsdóttir, Lárus Páll Birgisson, Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, María del Pilar Acosta, Steinunn Gunnlaugsdóttir og María S. Gunnarsdóttir. Bryndís Petra Bragadóttir las ljóð, sýnd var latínusveifla og Kvennakórinn Vox Feminae söng.

Aðstandendur fundarins kynntu starfsemi sína til hliðar í salnum og dreifðu upplýsingum. Fundarstjóri var Halldóra Friðjónsdóttir. 15 stéttarfélög og samtök voru skráð fyrir fundinum sem var mjög vel sóttur.

30. mars: 60 ár liðin frá því Ísland gekk í Nató. Mótmælafundur á Austurvelli. María S. Gunnarsdóttir, form. MFÍK og Sverrir Jakobsson töluðu.

27. apríl: Brynhildur Davíðsdóttir, kennari við Umhverfis- og auðlindadeild HÍ talaði um sjálfbæra þróun og auðlindafræði.

Í **maí** tók MFÍK þátt í sýningunni Orbis terrea ORA í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu sem ætlað var að vekja fólk til umhugsunar um áhrif stríðs. MFÍK-félagar léku í sýningunni (Aðalbjörg Þóra Árnadóttir, Magnea Björk Valdimarsdóttir) eða voru hluti af innsetningu (Sigrún Gunnlaugsdóttir, Helga Pálsdóttir og Steinunn Sveinbjarnardóttir) og enn aðrar skiptu með sér að mæta á friðarvakt í upphafi sýningar og dreifa upplýsingum um MFÍK (Anna S. Gunnarsdóttir, Anna S. Hróðmarsdóttir, Áslaug Einarsdóttir, Bergþóra Gísladóttir, Guðríður Sigurbjörnsdóttir, Lea María Lemarquis, María S. Gunnarsdóttir, Ragnheiður Jónsdóttir, Una Sigtryggsdóttir, Þórdís Þórarinsdóttir).

6. ágúst : Árleg kertafleyting á Reykjavíkurtjörn.

2. október: Dagur án ofbeldis – var hluti Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis. Táknræn samkoma við Kjarvalstaði á Klambratúni þar sem fólk með logandi kyndla myndaði friðarmerki. Guðríður Sigurbjörnsdóttir, varaform. MFÍK var fundarstjóri.

16. nóvember: Mikilvægi friðsamlegra samskipta og friðaruppeldi. Margrét Guðmundsdóttir lagði út frá orðinu FRÍÐUR og las ljóð. María S. Gunnarsdóttir sagði frá tildrögum fundar og vinnu MFÍK að friðaruppeldi í gegnum tíðina. Síðan voru umræður með aðferð sem kölluð hefur verið heimskaffihús. Það er áhugi á að vinna áfram í þessa veru.

5. desember: Árleg bókmenntakynning í MÍR-sal kl. 14.

Úr nýjum bókum sínum lásu: Ingibjörg Haraldsdóttir, Jón Kalmann Stefánsson, Kristín Steinsdóttir, Ólöf Stefanía Ólafsdóttir, Sigrún Huld Þórgrímsdóttir, Sigurlín Bjarney Gísladóttir og Þórarinn Leifsson, auk Sölva Björns Sigurðssonar sem bættist í hópinn á síðustu stundu. Anna Sigríður Hróðmarsdóttir hafði umsjón með hátíðarkaffi ásamt Guðrúnu Þorgeirsdóttur og Sesselju Gunnarsdóttur en margar fleiri lögðu hönd á plóg og komu með veitingar . Lea María Lemarquis sá um söluborð.

Margrét Guðmundsdóttir var kynnr en í upphafi sagði María S. Gunnarsdóttir örstutt frá hlutskipti hælisleitenda en ágóði af kaffisölu rennur í Skjól, nýstofnaðan sjóð sem hefur það markmið að auka möguleika hælisleitenda á að leita réttar síns.

23. desember: Árleg friðarganga frá Hlemmi á Ingólfstorg.

Útgáfa, skrif félaga og umfjöllun um MFÍK:

Nýr bæklingur til kynningar á starfi MFÍK var unninn og prentaður (vistvænt) í maí. Guðríður Sigurbjörnsdóttir sá um útlit en stjórnin vann saman að innihaldi.

Guðríður Sigurbjörnsdóttir sá um að koma MFÍK á Fésbókina og sér hún einnig um **heimasíðu MFÍK** <http://www.mfik.is>. Á heimasíðunni <http://fridur.is> birtast líka fréttir af starfi MFÍK.

Fréttabréf komu út í **mars 2009** og **nóvember 2009**. Póstsendingar hafa að miklu leyti lagst af. Fréttabréf í mars var sent öllum með dagskrá 8. mars fundar en fréttabréf nóv. bara sent félögum sem ekki eru með tölvupóstföng.

Illa hefur gengið að fá ályktanir frá félaginu og greinar birtar í prentmiðlum og hefur orðið að nægja að birta efnið á heimasíðu.

Meðal greina má nefna:

Þorum að lifa í friði ræða Maríu frá 30. mars,

Friðarumræða á Íslandi grein eftir Guðrúnu Hannesdóttur og Maríu S. Gunnarsdóttur

Vont er þeirra ranglæti eftir Guðrúnu Hannesdóttur

Meðal ályktana og yfirlýsinga var:

Áskorun til ríkisstjórnar Ísland um að lýsa Ísland kjarnaorkulaust svæði, að segja upp aðild Íslands að Nató og að setja ákvæði í stjórnarskrá landsins um að Ísland sé herlaust land.

(Áskorunin var send öllum þingmönnum og fjölmiðlum 5. mars 2009)

Erlend samskipti:

Alþjóðasamtök lýðræðissinnaðra kvenna - MFÍK á sæti í stjórn Evrópudeildar (frá 2002) en að undanförunu höfum við ekki haft tök á að mæta til samráðsfunda og látið duga að senda skrifleg skilaboð frá MFÍK.

MFÍK er skráð í **Europe for Peace**, sem stefnir að kjarnorkuvopnalausri Evrópu.

Í lok árs 2008 þáðum við boð um þátttöku í nýstofnuðu norrænu samstarfi (09.11.08) **Nordic Network against Uranium**. Markmiðið er að samræma aðgerðir og deila þekkingu og reynslu. Guðríður er tengiliður MFÍK. Ákveðið var að senda ríkisstjórnnum aðildarféлага sameiginlega ályktun. Búið er að þýða ályktunina á íslensku og verður hún send utanríkisráðherra og utanríkismálanefnd Alþingis.

Þá var MFÍK stuðningsaðili **Heimsgöngu í þágu friðar og tilveru án ofbeldis** sem er alþjóðlegt átak. Lok átaksins voru mörkuð með athöfn í Þjóðmenningarhúsinu 12. janúar og mætti Anna Sigga, gjaldkeri þar sem fulltrúi MFÍK.

Stjórnarkjör:

Frá síðasta aðalfundi, þ. 12. febrúar 2009 sátu í stjórn:

María S. Gunnarsdóttir, formaður

Guðríður Sigurbjörnsdóttir, varaformaður

Anna Sigríður Hróðmarsdóttir, gjaldkeri

Guðrún Hannesdóttir, ritari

Magnea Björk Valdimarsdóttir, erlendum bréfitari

Margrét Guðmundsdóttir og Bergþóra Gísladóttir (sem hljóp í skarð Evu Hauksdóttir),

meðstjórnendur

Helga Pálsdóttir og Ragnhildur Kjeld, varamenn.

Bergþóru Gísladóttur, Helgu Pálsdóttur, Magneu Björk Valdimarsdóttur og Ragnhildi Kjeld, sem ganga úr stjórn er þakkað framlag þeirra í þágu MFÍK.

Samkvæmt lögum MFÍK eru formaður og varaformaður kosnar sérstaklega, sitt hvort árið til tveggja ára í senn. Í ár er formannskjör. Það er tímabært að breyta til ég hef verið formaður MFÍK í 10 góð ár og Guðríður Sigurbjörnsdóttir sem kosin var varaformaður á síðasta aðalfundi er tilbúin að færa sig yfir í formannssætið. Í raun þarf því kandídat í varaformann til eins árs. Það er í höndum nýs formanns að ákveða hvort sú afleysing verður afgreidd innan nýrrar stjórnar eða hér á aðalfundinum.

Sigurlaug Gunnlaugsdóttir, Íris Ellenberger og Dögg Árnadóttir haf gefið kost á sér til setu í nýrri – ef einhverjar fleiri viðstaddra hefur áhuga er ennþá tækifæri. (Auður Ingvarsdóttir bauð sig fram)

Um leið og ég óska Guðríði Sigurbjörnsdóttur, nýjum formanni og nýrri stjórn MFÍK velfarnaðar vil ég nota tækifærið til að þakka öllum meðstjórnendum mínum og þeim mörgu félagskonum sem ég hef átt samskipti við, margar góðar stundir í þágu friðar.

Skráð í febrúar 2010

María S. Gunnarsdóttir.